

1. fundur aðalstjórnar Vestra árið 2024

Haldinn miðvikudaginn 13. mars 2024, kl. 18.30 í Safnahúsinu, Ísafirði

Mætt voru: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason, Gísli Jón Hjaltason, Heba Dís Þrastardóttir, Hlynur Reynisson og Þóra Marý Arnórsdóttir.

Fyrir tekið:

1. Boðun aðalfundar. Ársþing HSV verður haldið 7. maí nk. Aðildarfélögum HSV ber áður að halda aðalfundi og boða til þeirra með löglegum hætti. Ársskýrslur og undirritaðir ársreikningar þurfa að berast til HSV eigi síðar en 1. maí og skulu ársskýrslur aðildarfélaga vera aðgengilegar í þeirri skýrslu. Formaður greindi frá því að allar deildir nema körfuknattleiksdeild hafa þegar boðað sína aðalfundi. Hjólreiðadeild Vestra heldur aðalfund 14. mars kl. 19.30, blakdeildin hefur boðað aðalfund 18. mars kl 17 og knattspyrnudeildin hefur boðað aðalfund 26. mars kl. 20. Allir þessir fundir fara fram í Vallarhúsinu og hvatti formaður stjórnarmenn til að mæta á fundina. Lagði formaður til að aðalfundur aðalstjórnar yrði haldinn mánudaginn 15. apríl kl. 20 í Vallarhúsinu á Torfnesi. Var tillagan samþykkt.

2. Fjármál félagsins. Gjaldkeri aðalstjórnar fór yfir fjármál aðalstjórnar og niðurstöður ársreiknings fyrir árið 2023. Tap er á rekstri árið 2023 sem aðallega er vegna kostnaðar við Sportabler annars vegar og bókhaldskostnaðar hins vegar. Á síðasta ári var smá tap af sömu ástæðu og þá rætt um að svo gæti farið að nýta þyrfti hluta lottótekna til að standa straum af kostnaði við þessa útgjaldaliði. Voru stjórnarmenn sammála um taka þá umræðu á aðalfundi og óska eftir heimild til að nýta hluta lottótekna til að greiða fyrir Sportabler og til að greiða bókhaldskostnað.

3. Samráðsfundir íþróttahreyfingarinnar og Ísafjarðarbæjar. Formaður sagði frá samráðsfundum íþróttahreyfingarinnar og Ísafjarðarbæjar sem nýlega hafa verið teknir upp. Gert ráð fyrir að fundir verði að jafnaði einu sinni í mánuði og hafa þegar verið haldnir tveir fundir. Fundina sitja sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs og íþrótt- og tómstundafulltrúi ásamt formönnum íþróttafélaga. Er fundunum ætlað að auka gagnsæi og stytta boðleiðir í stjórnsýslunni jafnframt því að vera vettvangur þar sem íþróttafélögin geta komið sínum málum á framfæri.

4. Önnur mál.

Aðalstjórn. Formaður aðalstjórnar, Guðfinna Hreiðarsdóttir, greindi frá því að hún muni ekki gefa kost á sér áfram sem formaður á næsta aðalfundi félagsins. Beindi hún því til stjórnarmanna að hafa augun opin fyrir eftirmanni hennar í þetta embætti. Komu fram óskir um formaður endurskoðaði þessa ákvörðun og sæti eitt ár til viðbótar.

Formannafundur. Formaður aðalstjórnar fór yfir ýmis mál sem tekin voru fyrir á formannafundi sem haldinn var fyrir skömmu. Urðu nokkrar umræður um þá hugmynd sem þar kom fram um að Vestri tæki yfir rekstur íþróttamannvirkja á Torfnesi og töldu stjórnarmenn rétt að skoða það mál frekar, sérstaklega fyrirkomulag og rekstrarform. Ennfremur urðu nokkrar umræður um þá hugmynd að framleiða og selja varning merktan Vestra sem vöru fyrir ferðamenn. Voru stjórnarmenn jákvæðir gagnvart hugmyndinni og stefnt að því að gera tilraun í smáum stíl á komandi sumri.

Stofnun starfssvæða íþróttahéraða. Birt hefur verið auglýsing þar sem ÍSÍ og UMFÍ auglýsa eftir sextán hæfileikaríkum og metnaðarfullum einstaklingum með brennandi áhuga á íþróttastarfi á Íslandi til að taka þátt í að byggja upp öflugt starf íþróttahéraða á öllu landinu. Á Vestfjörðum verða tvö stöðugildi, annað á norðanverðum Vestfjörðum og hitt á sunnanverðum Vestfjörðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.30.